

## Tillaga að

### REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. .../...

frá [...]

#### **um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 um framkvæmdarreglur lofthæfis- og umhverfisvottunar loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottunar hönnunar og framleiðslufyrirtækja**

(Texti sem viðkemur EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, sérstaklega grein 80 (2),

Með hliðsjón af reglugerð Evrópupingsins og leiðtogaráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur á sviði flugmála og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og sem fellir úr gildi tilskipun ráðsins 91/670/EEC, reglugerð (EB) nr. 1592/2002 og tilskipun 2004/36/EB<sup>1</sup> („grunnreglugerðin“), þá sérstaklega grein 5(5) hennar,

Með hliðsjón af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur lofthæfis- og umhverfisvottunar loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottunar hönnunar og framleiðslufyrirtækja<sup>2</sup>,

Að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Reglugerð (EB) nr. 216/2008 er hrundið í framkvæmd með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun samtaka og starfsmanna sem hafa með þessi verkefni að gera, og einnig af reglugerð (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur um lofthæfi og umhverfisvottun loftfara og tengdra framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar og framleiðslufyrirtækja;
- (2) Málsliður 21A.163(c) (viðauki, A hluti) reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 veitir sérréttindi til samþykktra eigenda framleiðslufyrirtækis á útgáfu löggildra afhendingarvottorða (EASA eyðublað 1) fyrir íhluti og búnað;
- (2) Málsgrein 21A.130 (viðauki, A hluti) reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 gerir kröfu um að gerð sé samræmisyfirlýsing (EASA eyðublað 1) sem skuli metin af lögbæru yfirvaldi fyrir íhluti og búnað sem framleiddur er samkvæmt kafla F í viðaukanum við þá reglugerð;
- (3) Málsgreinar M.A.615 (viðauki I, A hluti) og 145.A.75 (viðauki II, A hluti) reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 veita sérréttindi til handa samþykktum viðhaldsstofnunum til að gefa út löggilt afhendingarvottorð (EASA eyðublað 1) um afhendingu íhluta og búnaðar eftir viðhald;
- (4) Flugöryggismálastofnun Evrópu (Stofnunin) hefur fundist það nauðsynlegt að leggja til breytingar á viðbæti I – EASA eyðublaði 1 löggilt afhendingarvottorð á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003, til þess að bæta skilning á þeim gögnum sem taka á fram á EASA eyðublaði 1, svo og tili að bæta alþjóðlega viðurkenningu á EASA eyðublaði 1;

<sup>1</sup> OJ L 79, 19.03.2008, bls. 1

<sup>2</sup> OJ L 243, 27.9.2003, bls. 6. Reglugerð eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 287/2008 (OJ L 87, 29.03.2008, bls. 3)

- (4) Framkvæmdastjórnin hefur komist að þeirri niðurstöðu að breytingarnar, sem lagðar eru til af Stofnuninni, muni bæta kerfið sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 1702/2003;
- (5) Aðgerðirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru byggðar á álit<sup>3</sup> í samræmi við greinar 17(2)(b) og 19(2) reglugerðar (EB) nr. 216/2008;
- (6) Aðgerðirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit<sup>4</sup> nefndar Flugöryggismálastofnunar Evrópu sem komið var á fót með grein 65(3) reglugerðar (EB) nr. 216/2008;
- (7) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 skal því breytt til samræmis;

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. grein*

Eftirfarandi endurskoðaður viðauki I kemur í stað viðauka I (EASA eyðublað 1 löggilt afhendingarvottorð) í viðauka (hluti-21) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 1702/2003.

---

<sup>3</sup> Álit 06/2008

<sup>4</sup> (Á eftir að gefa út)

1. Lögbert yfirvald/land sem veitir samþykki	<b>2. LÖGGILT AFHENDINGARVOTTORÐ EASA EYÐUBLAÐ 1</b>				3. Númer ferileyðublaðs
4. Nafn og heimilisfang stofnunar					
6. Hlutur	7. Lýsing	8. Númer ihlutar	9. Fjöldi	10. Raðnúmer	11. Staða/vinna
12. Athugasemdir					
13.a Vottar um að hluturinn sem lýst er að ofa sé framleiddur í samræmi við: Viðurkennda hönnun og er í ástandi til öruggrar notkunar Ósamþykktar hönnunarupplýsingar tilgreindar í bálki 12		14a. Hluti-145.A.50 afhenda til notkunar Önnur reglugerð sem tilgreind er í hóp 12. Vottar að ef ekki er tilgreint öðruvísi í bálki 12 að vinnan tilgreind í bálki 11 og lýst er í bálki 12, sé framkvæmd í samræmi við hluta-145 og í samræmi við þá vinnu eru hlutirnir álitnir tilbúnir til afhendingar til notkunar.			
13b. Viðurkennd undirskrift	13c. Samþykki/ viðurkenningarnúmer	14b. Viðurkennd undirskrift	14c. Tilvisunarnúmer vottorðs/samþykkis		
13d. Nafn	13e. Dagsetning (dd mmm áááá)	14d. Nafn	14e. Dagsetning (dd mmm áááá)		
<b>ÁBYRGÐ NOTANDA/PANNS SEM ANNAST UPPSETNINGU</b>					
<p>Vottorð þetta veitir ekki sjálfkrafa heimild til uppsetningar hlutarins Ef notandi/sá sem annast uppsetninguna framkvæmir vinnu í samræmi við reglur lofthæfisfirvalds sem er annað en skilgreint er í hluta 1, er frumskilyrði að notandinn/sá sem annast uppsetninguna tryggji að lofthæfisfirvald sem hann lýtur samþykki ihluti frá lofthæfisfirvaldi sem skilgreint er í hluta 1</p> <p>Umsagnir í hluta 13a og 14a teljast ekki ígildi uppsetningarvottorðs. Í öllu falli skulu viðhaldsskýrslur lofffars innihalda uppsetningarvottorð útgefið í samræmi við innlendar reglugerðir af notanda/uppsetningaraðila áður en lofffarinu er flogið.</p> <p>[EASA eyðublað 1-útgáfa 2]</p>					

## LÖGGILT AFHENDINGARVOTTORÐ – EASA EYÐUBLAÐ 1

Eftirfarandi leiðbeiningar snúa einungis að notkun á EASA eyðublaði 1 í framleiðslutilgangi. Athygli er vakin á viðbæti I við hluta-145 og viðbæti II við hluta-M sem snúa að notkun EASA eyðublaði 1 í viðhaldstilgangi.

### 1. TILGANGUR OG NOTKUN

Megintilgangur vottorðsins er að lýsa yfir lofthæfi nýrrar vöru, íhlutar og búnaðar fyrir flug (framvegis vísað til sem hlutar/a)

Fylgni verður að koma á milli vottorðsins og hlutarins/anna. Sendandi verður að varðveita vottorðið í slíkri mynd að það leyfi staðfestingu upphafsgagna.

Vottorðið er tekið gilt af mörgum lofthæfisyfirvöldum, en það kann þó að ráðast af tvíhliða samkomulagi og/eða stefnu lofthæfisyfirvaldsins. Hinar 'samþykktu hönnunaryfirlýsingar' nefndar í þessu vottorði merkja að þær séu samþykktar af lofthæfisyfirvaldi í innflutningslandinu.

Vottorðið er ekki afhendingar- eða fylgiseðill.

Lofftar skal ekki leyst út með því að nota vottorðið.

Vottorðið felur ekki í sér samþykki til uppsetningar á hlut í sérstöku loftfari, vél, eða hreyfli heldur aðstoðar notanda við að kveða á um stöðu lofthæfis.

Ekki er leyfilegt að blanda saman framleiðslu- og viðhaldshlutum á sama vottorði.

Ekki er leyfilegt að blanda saman hlutum sem vottaðir eru í samræmi við 'samþykkt gögn' og 'ósamþykkt gögn' á sama vottorði.

### 2. ALMENNT UM FRAMSETNINGU

Vottorðið skal vera til samræmis við hjálagt snið, þar með talið bálkanúmer og staðsetningu á hverjum bálki. Stærð hvers bálks má breyta eftir hentugleika en þó ekki að því marki að það geri vottorðið óþekktanlegt.

Vottorðið skal vera á víðsniði (e. landscape) en heildarstærð má verulega minnka eða stækka svo fremi sem vottorðið þekkest og sé læsilegt. Ef vafi rís skal ráðgast við lögbært yfirvald.

Ábyrgðaryfirlýsingu notanda/þess sem annast uppsetningu má hafa á hvorri sem er hlið eyðublaðsins.

Öll prentun skal vera skýr og læsileg.

Vottorðið má hvort heldur er vera prentað eða búið til í tölvu en prentunin verður að vera skýr og læsileg og í samræmi við skilgreint snið.

Vottorðið skal vera á ensku og ef viðeigandi þyki á öðru eða fleiri tungumálum.

Upplýsingar sem skráðar eru á vottorðið mega vera vélritaðar eða handskrifaðar ef notaðir eru hástafir og þær eru auðlæsilegar.

Skammstafanir skal forðast til að auka skýrleika.

Rými á baksíðu vottorðsins má nota af sendanda fyrir aðrar upplýsingar en þær skulu þó ekki vera vottorðsgreinargerð. Sérhverrar notkunar á baksíðu vottorðsins skal vísað til í viðeigandi bálki á forsíðu vottorðsins.

### 3. AFRIT

Ekki eru lagðar hömlur á fjölda afrita vottorðsins sem senda á viðskiptamönnum eða fyrir sendanda til að halda fyrir sig.

### 4. VILLA/UR Á VOTTORÐINU

Ef að notandi finnur villu/r á vottorðinu skal hann vísa sendanda á þær skriflega. Sendandi má gefa út nýtt vottorð ef hann getur sannreynt og leiðrétt villuna.

Hið nýja vottorð verður að fá nýtt ferilnúmer, undirskrift og dagsetningu.

Beiðni um nýtt vottorð má verða við án þess að endurskoða ástand hlutar/hluta. Hið nýja vottorð er ekki yfirlýsing um núverandi ástand og skal vísa til fyrra vottorðs í bálki 12 með eftirfarandi yfirlýsingu: „Þetta vottorð leiðréttir villu/r í bálki/bálkum [fyllið inn númer leiðréttra bálda] vottorðs [fyllið inn ferilnúmer upphaflegs vottorð] dagsett [fyllið inn dagsetningu upphaflegs vottorð] og felur ekki í sér samræmi/ástand/afhendingu til notkunar.“ Báðum vottorðum skal haldið eftir í samræmi við varðveislutímabil hins fyrra vottorðs.

## 5. ÚTFYLLING VOTTORÐSINS AF SENDANDA

### **Báلكur 1 Lögbært yfirvald/land sem veitir samþykki**

Fyllið inn nafn og land hins lögbæra yfirvalds sem hefur lögsögu yfir vottorðinu. Þegar hið lögbæra yfirvald er Stofnunin, skal einungis „EASA“ fyllt inn.

### **Báلكur 2 síðuhaus EASA eyðublaðs 1**

LÖGGILT AFHENDINGARVOTTORÐ  
EASA EYÐUBLAÐ 1

### **Báلكur 3 ferilnúmer eyðublaðs**

Fyllið inn hið einstaka númer eftir númerakerfi/aðferð fyrirtækisins sem auðkennt er í bálki 4; bæði má nota tölu- og bókstafi.

### **Báلكur 4 Nafn og heimilisfang fyrirtækis**

Fyllið inn fullt nafn og heimilisfang framleiðslufyrirtækisins (sjá EASA eyðublað 55, blað A) sem afhendir hlutinn/hlutina sem þetta eyðublað fjallar um. Merki, o.s.frv. fyrirtækisins eru leyfð ef það kemst fyrir innan bálksins.

### **Báلكur 5 Vinnufyrirkomulag/samningur/reikningur**

Til að auðvelda viðskiptavininum að rekja hlutinn, skal fylla inn vinnunúmer, samningsnúmer, reikningsnúmer eða svipað tilvísunarnúmer.

### **Báلكur 6 hlutur**

Fyllið inn línunúmer hlutar ef um fleiri en eina línu er um að ræða. Þessi báلكur auðveldar krosstilvísanir í athugasemdabáلك 12.

### **Báلكur 7 Lýsing**

Fyllið inn nafn eða lýsingu á hlutnum. Velja skal ef kostur er hugtök sem notuð eru í leiðbeiningum fyrir varanlegt lofthæfi eða viðhaldsgögn (þ.e. vörulisti með teiknuðum íhlutum, viðhaldshandbók loftfars, þjónustutilkynning, viðhaldshandbók fyrir íhluti).

### **Báلكur 8 íhlutanúmer**

Fyllið inn íhlutanúmer eins og það kemur fyrir á hlutnum eða merkispjaldi/umbúðum. Ef um er að ræða vél eða hreyfil þá má nota tegundarnafn.

### **Báلكur 9 Fjöldi**

Fyllið inn fjölda hluta.

### **Báلكur 10 raðnúmer**

Ef hluturinn skal reglum samkvæmt bera raðnúmer, þá skal fylla það inn hér. Að auki má einnig fylla inn sérhvert annað raðnúmer þó þess sé ekki krafist reglum samkvæmt. Ef ekkert raðnúmer er á hlutnum skal fylla inn „N/A“.

### **Báلكur 11 Staða/vinna**

Fyllið inn annaðhvort „FRUMGERÐ“ EÐA „NÝR“

Fyllið inn „FRUMGERÐ“ fyrir framleiðslu á nýjum hlut í samræmi við ósamþykkt hönnunargögn.

Fyllið inn „NÝR“ fyrir:

1. Framleiðslu nýs hlutar í samræmi við samþykktar hönnunarupplýsingar.
2. Endurvottun af fyrirtæki sem lýst er í bálki 4 á fyrra vottorði eftir breytingu eða lagfæringarvinnu á hlut, áður en hann var tekinn til notkunar (þ.e. eftir breytingu á hönnun, leiðréttingu á galla, eftirlit eða prófun, eða endurnýjun geymslupóls.) Upplýsingar um upphafsafhendingu og breytingar eða lagfæringarvinnu skal fylla inn í bálk 12.
3. Endurvottun framleiðanda eða fyrirtækis sem skilgreint er í bálki 4 á fyrra vottorði á hlutum frá „frumgerð“ (einungis samræmi við ósamþykkt gögn) til „nýr“ (samræmi við samþykkt gögn og í ástandi fyrir örugga notkun), sem kemur í kjölfar samþykkis viðkomandi hönnunarupplýsinga, að því gefnu að hönnunarupplýsingarnar hafi ekki breyst. Eftirfarandi yfirlýsing skal færð inn í bálk 12:

ENDURVOTTUN HLUTA FRÁ „FRUMGERÐ“ TIL „NÝR“: ÞETTA SKJAL VOTTAR SAMÞYKKI HÖNNUNARUPPLÝSINGA [FYLLIÐ INN TC/STC NÚMER, ENDURSKOÐUNARSTIG], DAGSETT [FYLLIÐ INN DAGSETNINGU EF HÚN ER NAUÐSYNLEG TIL ÞESS AÐ GREINA ENDURSKOÐUNARSTÖÐU], SEM ÞESSI HLUTUR (ÞESSIR HLUTAR) VAR (VORU) FRAMLEIDDIR EFTIR.

Reiturinn „samþykktar hönnunarupplýsingar og eru í ástandi til öruggar notkunar“ skal merkjast í bálki 13a.

4. Skoðun á nýjum hlut sem búið er að afhenda áður en hann er tekinn til notkunar:
  - Í samræmi við tilgreindan staðal viðskiptamanns eða tilgreiningu, skal fylla inn þær upplýsingar og um upphaflega afhendingu í bálk 12.
  - Til að staðfesta lofthæfi. Útskýring á grundvelli afhendingar og atriði er varða upprunalegu afhendinguna skal fylla inn í bálk 12.

## Bálkur 12 Athugasemdir

Lýsið vinnunni sem tilgreind er í bálki 11, annaðhvort beint eða með tilvísun til stuðningsskjals, sem nauðsynlegt er fyrir uppsetningaraðila til að ákvarða lofthæfi hlutarins/hlutanna í samræmi við þá vinnu sem votta skal. Ef nauðsyn ber til, má notast við aukaskjal með tilvísun frá EASA eyðublaði 1. Sérhver yfirlýsing skal tilgreina skýrlega hvaða hlutur/hlutir í bálki 6 hún tengist. Ef engin er yfirlýsingin skal fylla in 'engin'.

Fyllið inn réttlætingu á afhendingu ósamþykkttra hönnunarupplýsinga í bálk 12 (t.d. yfirstandandi tegundarvottun, einungis til prófunar, bíður samþykkis á upplýsingum).

Dæmi um skilyrði sem gera kröfu um yfirlýsingar í bálki 12 eru:

- Þegar vottorðið er notað í frumgerðartilgangi skal fylla út eftirfarandi yfirlýsingu í bálk 12:  
'EKKI HÆF TIL UPPSETNINGAR Á LOFTFARI MEÐ TEGUNDAVOTTORÐ Í ÞJÓNUSTU'.
- Endurvottun hluta frá „frumgerð“ (einungis samræmi við ósamþykktar upplýsingar) yfir í „ný“ (samræmi við samþykktar upplýsingar og í ástandi til öruggar notkunar) þegar viðkomandi hönnunarupplýsingar eru samþykktar.  
Viðkomandi yfirlýsing skal fyllt inn í bálk 12:  
'ENDURVOTTUN Á HLUTUM FRÁ „FRUMGERÐ“ YFIR Í „NÝ“:  
ÞETTA SKJAL ER TIL VÆTTIS UM SAMÞYKKI HÖNNUNARUPPLÝSINGA [FYLLIÐ INN TC/STC NÚMER, STIG Á ENDURSKOÐUN], DAGSETT [FYLLIÐ INN DAGSETNINGU EF HÚN ER NAUÐSYN TIL AÐ BERA KENNSL Á STÖÐU ENDURSKOÐUNAR], SEM ÞESSI HLUTUR/ ÞESSIR HLUTIR VORU FRMALEIDDIR EFTIR.
- Þegar nýtt vottorð er gefið út til að leiðrétta villu(r) skal fylla inn þessa yfirlýsingu í bálk 12:  
'ÞETTA VOTTORÐ LEIÐRÉTTIR VILLU(R) Í BÁLK(UM) [FYLLIÐ INN LEIÐRÉTTA BÁLK(A)] VOTTORÐSINS [FYLLIÐ INN UPPHAFSFERILNÚMER] DAGSETT [FYLLIÐ

## INN DAGSETNINGU UPPHAFSÚTGÁFUJ OG FJALLAR EKKI UM SAMRÆMI/ÁSTAND/AFHENDINGU TIL NOTKUNAR.

Ef prenta á upplýsingar af rafrænu EASA eyðublaði 1 skal fylla inn aðrar upplýsingar sem ekki eru viðeigandi í þennan bálk.

### **Bálkur 13a**

Merkið einungis við einn af reitunum tveimur.

(1) Merkið „samþykktar hönnunarupplýsingar og eru í ástandi til öruggrar notkunar“ reitinn ef hluturinn/hlutirnir var/voru framleiddur/ir eftir hinum samþykktu hönnunarupplýsingum og eru í ástandi til öruggrar notkunar.

(2) Merkið við reitinn „ósamþykkt hönnunargögn skilgreind í bálki 12“ ef hluturinn/hlutarnir er/ú framleiddir með því að nota viðeigandi ósamþykkt hönnunargögn. Skilgreinið upplýsingarnar í bálki 12 (t.d., fyrirhugað tegundarvottorð, einungis prófun, bíður samþykktu upplýsinga).

Sambland af hlutum, sem leystir hafa verið í út gegn samþykktum og ósamþykktum hönnunarupplýsingum, er ekki leyfilegt að hafa á sama vottorði.

### **Bálkur 13b Viðurkennd undirskrift**

Þessi reitur er fyrir undirskrift viðurkennds aðila. Einungis aðilar sem sérstaklega eru heimilaðir samkvæmt reglum og stefnu lögbærs yfirvalds er heimilað að skrifa undir í reitinn. Til að auka viðurkenningu að þá má bæta við ótvíræðu númeri til að bera kennsl á hinn lögbæra aðila.

### **Bálkur 13c Samþykki/viðurkenningarnúmer**

Fyllið inn samþykki/viðurkenningarnúmer/tilvísun. Þetta númer eða tilvísun er útgefið af lögbæru yfirvaldi.

### **Bálkur 13d Nafn**

Fyllið inn nafn aðila sem undirritar bálk 13b í læsilegu formi.

### **Bálkur 13c Dagsetning**

Fyllið inn dagsetninguna sem bálkur 13b er undirritaður, dagsetningin skal vera á forminu dd= dagsetning í 2 tölustöfum, mmm= fyrstu 3 starfir mánaðarins, áááá= árið í 4 tölustöfum.

### **Bálkur 14a-14e**

Almenn skilyrði fyrir bálka 14a-14e:

EKKI notað fyrir afhendingu á framleiðsluvöru. Skyggið, litið eða merkið með öðrum hætti til að útiloka óviljandi eða óheimila notkun.

## **ÁBYRGÐ NOTANDA/ÞESS SEM ANNAST UPPSETNINGU**

Setjið eftirfarandi yfirlýsingu á vottorðið til að gera notendum viðvart um að þeir séu ekki lausir undan ábyrgð varðandi uppsetningu og notkun á sérhverjum hlut er eyðublaðinu fylgir.

„Þetta vottorð veitir ekki sjálfkrafa heimild til uppsetningar.“

Ef notandi/sá sem annast uppsetninguna framkvæmir vinnu í samræmi við reglur lofthæfisyrivalds sem er annað en skilgreint er í bálk 1, er frumskilyrði að notandinn/sá sem annast uppsetninguna tryggji að það lofthæfisyrivald sem hann lýtur, samþykki íhluti frá lofthæfisyrivaldi sem skilgreint er í bálk 1.

Umsagnir í hluta 13a og 14a teljast ekki ígildi uppsetningarvottorðs. Í öllu falli skulu viðhaldsskrár loftfars innihalda uppsetningarvottorð, sem gefið er út af notandanum/þeim sem annast uppsetningu í samræmi við innlendar reglur, áður en loftfarinu er flogið.

*2. grein  
Gildistaka*

(1) Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún hefur verið auglýst í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(2) Með undanþágu frá 1. grein þessarar reglugerðar, mega framleiðslufyrirtæki halda áfram að gefa út löggild afhendingarvottorð eða samræmisyfirlýsingar með því að nota 1. útgáfu EASA eyðublaðs 1, eins og kveðið er á um í viðbæti 1 í viðauka (hluta-21) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 1702/2003 þangað til dd/mm/áá [eitt ár eftir að hún hefur öðlast gildi].

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

*Gjört í Brussel,*

*Fyrir hönd Framkvæmdastjórnarinnar*

*Meðlimur framkvæmdastjórnarinnar*